

**200. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
7. júní 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdis Sigurbórsdóttir, fu.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum á Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103323 - Grundaskóli - uppbýgging**

Grundaskóli endurbætur

*Lagt fram minnisblað frá Kristjáni Garðarssyni arkitekt hjá Andrúm arkitektar.*

*Lagðir fram tveir valkostir varðandi endurbætur á Grundaskóla.*

*Leið A:*

C - álma, endurskipulag 1. og 2. hæðar (1.hæð 900 fm, 2. hæð 1.040 fm)

C - álma, stækkun rishæðar (3.hæð, rishæð 360 fm)

Breytt nýting stjórnunarálmu (320 fm)

*Kennslustofur: 11 kennslustofur á 2. hæð C- álmu og 4 í stjórnunarálmu, samtals 15 kennslustofur.*

*Leið B:*

C - álma, endurskipulag 1. og 2. hæðar (1. hæð 900 fm, 2.hæð 1.040 fm).

C - álma, rishæð verður ekki nýtt áfram (nema að mjög takmörkuð leyti).

Breytt nýting stjórnunarálmu (320 fm).

*Kennslustofur: 9 kennslustofur á 2. hæð C- álmu og 4 í stjórnunarálmu, samtals 13 kennslustofur.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að valkostur A verði fyrir valinu.*

**2. 2106032 - Úthlutun lóða (Skógarhverfi áfangi 3A)**

Úthlutun lóða í Skógarhverfi áfangi 3A.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hefja úthlutun lóða í Skógarhverfi 3A. Um er að ræða 11 einbýlishúsalóðir, 6 raðahúsalóðir með 31 íbúðareiningu.*

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina á Teams.

Q5

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

Ragnar Þórmundsson  
Gosariturs Óta.

Halla Mæta Arnadóttir  
Sig. P. H.